Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2019

4. tbl. 22. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Séra Hjört Magna
Jóhannsson
prest
Fríkirkjunnar
í Reykjavík

Um 300 íbúðir byggðar í fyrsta áfanga Skerjó

Þannig sjá byggingahönnuðir nýja byggð í Skerjafirði fyrir sér.

Úthlutunaráætlun fyrir fyrsta áfanga nýrrar byggðar í Skerjafirði hefur verið samþykkt og verða byggðar um 300 íbúðir á vegum húsnæðisfélaga í fyrsta áfanga.

Svæðið sem um ræðir liggur að núverandi byggð í Skerjafirði og afmarkast af götunni Skeljanesi til vesturs og af öryggissvæði flugbrauta til norðurs og austurs. Í rammaskipulagi svæðisins var lögð áhersla á vistvæna byggð sem tekur tillit til náttúru og nærliggjandi byggðar. Á reitum 1 til 15 er gert ráð fyrir um 750 íbúðum, eða frá 16 til 88 íbúðum á reit. Íbúðagerðir eru fjölbreyttar; allt frá raðhúsum í nokkuð stór fjölbýlishús. Á þessum hluta er gert ráð fyrir einu bílageymslu-húsi í miðju hverfisins, þar sem einnig er gert ráð fyrir staðsetningu matvöruverslunar á jarðhæð ásamt annarri smásöluverslun og torgi.

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau: 11-16
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna
TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Driscoll's
Only the Finest Berries
Bláber og jarðarber á tilboði !
Melabúðin
Þín verslun
Sími 551-0224

Páskatilboð!
Lambalæri - Lambahryggir
Lamba file með fitурönd
Nauta-Rib-eye

Ostaúrval: franskir, ítalskir, svissneskir, íslenskir, hollenskir, danskir, norskir og sænskir ostar. Geitaostar, sauðaostar, mozzarella, mascarpone, rauðkíttisostar, blámygluostar, hvítmygluostar, fastir ostar ofl. ofl.

- Opið alla páskahelgina 10-20, nema lokað á páskadag - Gleðilega páska! -

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
4. tbl. 22. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Af samgöngu- og sveitarstjórnarmálum

Landsmenn eru 357 þúsund talsins. Af þeim búa liðlega 22 þúsund í dreifbýli eða um 6%. Fyrir nokkru var því spáð að íbúum á höfuðborgarsvæðinu mundi fjölga um allt að 70 þúsund á næstu árum. Um yrði að ræða náttúrulega fjölgun, flutninga fólks af landsbyggðinni og þá einkum frá þéttbýliskjörnum þar sem sveitafólki hefur þegar fækkað mikið og síðan fjölgun nýbúa.

Ef þessi framtíðarspá verður að veruleika þarf að koma þessu fólki fyrir. Það þarf húsnæði. Það þarf atvinnu og það þarf tæki til þess að komast leiðar sinnar.

Höfuðborgarsvæðið er á nesi með sjó á þrjá vegu og fjallgarða á hinn fjórða. Af fjölgun fólks innan þeirrar umgjörðar leiðir að byggðir þéttast. Til að bregðast við þeim vanda hafa ný byggingarsvæði verið skipulögð bæði utan núverandi byggðar en einnig innan hennar þar sem af nægu er að taka í hinu dreifða skipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Einnig er farið að huga að auknu hlutverki almenningssamganga þar sem einfaldlega er ekki pláss fyrir sífellt fleiri og fleiri einkabíla. Stöðug fjölgun þeirra leiðir einnig til vaxandi mengunar. Bæði vegna eldsneytisbrennslu og ekkert síður vegna svifryks sem verður til þegar hjólbarðar nuddast við malbikaðar götur.

Í þessum efnum er vart hægt að tala um höfuðborgarsvæðið um annað en eina heild þótt það skiptist í nokkrar rekstrareiningar sem heita sveitarfélög.

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Fram hjá því verður ekki litið. Til lengri tíma er ekki fráleitt að líta svo á að það verði gert að einu hverfaskiptu sveitarfélagi þar sem hvert hverfi eða byggðarlag kýs sína hverfisstjórn sem fari með ákveðin fjárráð, stjórn og framkvæmd tiltekinna mála – einkum þeirra er nær íbúum liggja. Vesturbærinn og jafnvel Seltjarnarnes til samans er hentug stærð að því leiti.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Ekki tekist að fjármagna framkvæmdir við Vesturbugt

Séð yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði við Vesturbugt.

Reykjavíkurborg hefur veitt félaginu Vesturbugt sex mánuði til viðbótar við þann frest, sem kveðið er á í samningum um framgang verkefnisins í von um að ástand á fasteigna- og fjármagnsmörkuðum batni. Óvissa ríkir um framtíð uppbyggingar á svæðinu við gamla Slippinn og Mýrargötu. Framkvæmdir áttu að hefjast um mitt síðasta ár en ekki hefur enn tekist að fjármagna framkvæmdirnar og óvíst hvenær eða hvort það muni takast. Í frétt í Viðskiptablaðinu á dögunum kemur fram að ekki hafi reynst mögulegt að ljúka fjármögnuninni.

Breyttar aðstæður á fasteignamarkaði hafa sett strik í reikninginn. Það kom fyrst fram í bréfi sem lagt var fram á fundi borgarráðs í október á síðasta ári. Þessar breytingar megi einkum rekja til þess að mikið sé af nýjum óseldum íbúðum í nágrenni Vesturbugtar og einnig nýs atvinnuhúsnæðis sem ekki hefur tekist að koma í not. Þá hafa útlán til verkefna sem þessi dregist saman.

176 íbúðir og húsnæði fyrir atvinnustarfsemi

Vesturbugt er eignarhaldsfélag í meirihlutaeigu Kaldalóns, fasteignafélags sem er í eignastýringu hjá Kviku banka og var stofnað til uppbyggingar á svæðinu. Fyrirhugað er að reisa 176 íbúðir í Vesturbugt auk þess sem tæplega 13 þúsund fermetrar eru áætlaðir fyrir atvinnustarfsemi, verslanir, veitinga- og kaffihús, á jarðhæð bygginganna. Gert er ráð fyrir að þessa verkefni muni kosta um 10 milljarða króna.

Þegar viðskiptabanki Vesturbugtar dró til baka vilyrði fyrir fjármögnun verkefnisins á grundvelli óhagstæðra ytri skilyrða á liðnu sumri var gengið til samninga við Kviku banka og síðastliðið haust var tilkynnt að bankinn myndi afla framkvæmdafjármagns til verkefnisins.

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188 - 895 8298

HÚSVERNDARSTOFA
Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333
Minjastofnun Íslands
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Reykjavík City Museum
IÐAN fræðslusetur

VANNI

MADE IN ITALY, FOR SURE.

Vanni gleraugun eru hágæða ítölsk hönnun sem má helst líkja við ítalska matargerð þar sem öll hráefni eru fengin úr héraði - beint frá bónda.

Þeir eru stoltir af því að hönnun og allt efni í gleraugun eru fengin úr sama héraði á Ítalíu og þau eru framleidd í.

Ítölsk gæði alla leið

Við eigum gott úrval af Vanni umgjörðum. Verið velkomin í búðirnar okkar.

EYES LAND gler◎augu

Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is

Við höfum reynt að víkka guðfræðilega sýn

- segir Séra Hjörtur Magni Jóhannsson prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík

Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur á gangi Fríkirkjunnar. Stundum bregður hann af hefð og vana og talar til kirkjugesta af ganginum í stað þess að stíga í prédikunarstólinn.

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson hefur verið prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík frá árinu 1998 eða í rúma tvo áratugi. Á þeim tíma hefur fjölgað verulega í söfnuðinum og störf séra Hjartar Magna vakið athygli. Mörgum finnst kirkjustarfið frjálslegra en almennt gerist í söfnuðum þjóðkirkjunnar og fólk finnur sig í léttu andrúmslofti sem leikur þar innan dyra. "Við höfum meira frelsi sem fríkirkja og mér finnst sjálfsagt að nota það," segir Hjörtur Magni í spjalli við Vesturbæjarblaðið. En hvaðan kemur þessi prestur sem virðist stundum fara ótroðnar slóðir í kirkjustarfinu.

"Ég er Suðurnesjamaður. Fæddur í Keflavík og ólst þar upp þar til leiðin lá í háskóla. Ég ferðaðist líka talsvert á unglingsárunum og var meðal annars við nám í Jerúsalem. Móðir mín var mjög trúrækin og ég því virkur í kristileguæskulýðsstarfi. Þetta var hópur í Keflavík sem starfaði með þjóðkirkjunni en var ekki sértrúarsöfnuður. Þetta hafði áhrif og var undirrót þess að vekja áhuga minn á kristindómi og á Ísrael." Voru það ekki viðbrigði að koma úr litla og friðsæla bænum Keflavík til Ísrael þar sem lífið virðist snúast um allt aðra hluti. "Þetta var allt annar heimur og auðvitað gjörólíkur því sem við þekkjum hér heima. Ég kom fyrst til Ísrael á níunda áratugnum og þarna var og er stöðug spenna í loftinu. Ég hef farið þangað nokkrum sinnum síðan sem fararstjóri og þetta hefur ekkert breyst. Spennan og átökin verða alltaf til og fátt sem bendir til þess að það muni eða geti breyst. Börnum er kennt að hata beggja vegna múrsins – bæði gyðingamegin og á svæðum múslima. Þannig verður hatrið á hinum, innbyggt í sálina allt frá bernsku. Nokkuð sem erfitt eða ógerlegt er að breyta. Rótin að þessu er auðvitað baráttan um land eins og í flestum átökum í sögu mannkyns. Þarna er verið að berjast um lítinn landskika sem var skipt á teikniborði stórveldanna þvert á þjóðir og kynþætti, hefðir og menningu og síðan hefur verið ófriðvænlegt. Ef til vill töldu Vesturveldin sig í skuld við Gyðinga vegna atburða síðari heimsstyrjaldarinnar en þeim tókst ekki að leysa vandann með þessari skiptingu. Það er enn á lífi fólk sem upplifði þessa atburði. Enn í dag er til fólk í Ísrael með brennd tákn og tölur á höndunum eftir helförina. Fólk sem átti að taka af lífi af því það voru Gyðingar. Þetta er ekki svo langur tími í sögunni þótt stundum sé sagt að við séum fljót að gleyma. Í skiptingunni fólust hættulega einfaldar lausnir á mjög flóknu máli – lausnir sem skapa meiri vanda en þær hafa leyst. Og þessi mál eru ekki aldeilis úr sögunni. Nú er öfgahyggja að rísa upp víða í heiminum. Trumpisminn í Bandaríkjunum. Erdogan í Tyrklandi og í Evrópu eru að koma fram á sjónarsviðið stjórnmálamenn sem byggja á þjóðernis- og öfgahyggju og vilja fara að skipta sér af – setja sín spor í söguna. Þetta er áhyggjuefni. "

Varnarmálin efst í hugum fólks

Ísraelsmönnum virðist ganga mun betur til dæmis í efnahafslegu tilliti búandi á litlum landskika og í stöðugum ýfingi við nágrannana

Fríkirkjusöfnuðurinn í 120 ár

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík er 120 ára á þessu ári. Fríkirkjan við Tjörnina með sinni einstöku náttúrulegu staðsetningu í hjarta Reykjavíkur hefur verið órjúfanlegur hluti af andliti og ímynd höfuðborgarinnar nú hátt í 120 ár. Stofnun Fríkirkjunnar í Reykjavík í lok 19. aldar er með merkari atburðum íslenskrar menningarsögu.

Frá byrjun var Fríkirkjan íslensk grasrótarhreyfing og nýtt lýðræðisafl í ferskum anda nýfengins trúfrelsis þjóðarinnar. Hún var stofnuð af íslenskri alþýðu en ekki goðum, höfðingjum, valds- eða embættismönnum erlends eða innlends ríkisvalds. Iðnaðarmenn og verkamannafjölskyldur voru í fararbroddi sem og fjölskyldur sjómanna og bænda sem voru að flytja til Reykjavíkur á þeim tíma. Stofnun Fríkirkjunnar gegndi í raun mikilvægu hlutverki í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga þar sem ríkiskirkjan, síðar nefnd þjóðkirkja, var í raun hluti af stjórnsýsluapparati danska konungsveldisins.

Fríkirkjan við Tjörnina er ein af áberandi byggingum í borgarmynd Reykjavíkur. Til hægri er gamla íshúsið sem notað var vegna ístöku á Reykjavíkurtjörn. Upp úr miðri síðustu öld var Glaumbær frægur skemmtistaður þar til húsa þar til húsnæðið skemmdist af eldi. Eftir endurgerð þess hýsir það Listasafn Íslands. Á vinstri hönd er Miðbæjarskólinn en eftir að kennslu barna var hætt í húsinu hefur það verið notað fyrir skrifstofu- og kennsluhúsnæði.

Kosningaréttur sóknarfólks á oddinn í sjálfstæðisbaráttunni

Fríkirkjan var miðlæg í þeirri lýðræðisvakningu sem átti sér stað hér á landi um aldamótin 1900. Kosningaréttur sóknarfólks og réttur þess til að velja sinn eigin prest var mikið réttlætismál og var eitt af því sem var sett á oddinn í sjálfstæðisbaráttunni. Frá upphafi var meiri áhersla lögð á víða sýn, kvenréttindi, umburðarlyndi og frjálslyndi en áður hafði tíðkast á hinu trúarlega sviði á Íslandi.

Allt frá upphafi hefur Fríkirkjan við Tjörnina verið helguð mannréttindabaráttu. Það er sérlega eftirtektarvert að strax á upphafsárunum skyldu konur njóta sömu réttinda í söfnuðinum og karlar. Í þá daga höfðu konur aldrei haft kosningarétt á Íslandi. Og konur höfðu ekki rétt til skólagöngu hvað þá rétt til æðri menntunar á við karla. Innan safnaðarins var að finna helstu meginreglur lýðræðis og jafnræðis og því ljóst að þar fann fólkið vilja sínum farveg og fann rödd sína í samfélaginu – líklegast í fyrsta sinn á Íslandi.

Baráttumaður fyrir réttindum kvenna

Séra Ólafur Ólafsson var annar prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík og auk þess var hann mikilsvirtur alþingismaður. Séra Ólafur Ólafsson var á sínum tíma einn fremsti karlkyns baráttumaður fyrir frelsi, menntun og almennum réttindum kvenna hér á landi. Heimildir herma að á fyrri hluta síðustu aldar tilheyrði um það bil helmingur íbúa Reykjavíkur Fríkirkjunni og því hefur hún alltaf verið miðlæg í sögu borgar og menningarlífs landsmanna.

Fríkirkjan þurfti síðan í áratugi að búa við það að ríkisvaldið/þjóðkirkjan tók fríkirkjufólk í þúsunda vís, af skrá síns eigin trúfélags og setti það í ríkis/þjóðkirkjutrúfélagið, án vitundar eða samþykkis. Og trúfélagsgjöldin streymdu því óhindrað í það trúfélag sem fólkið vildi alls ekki tilheyra.

Fjöldi safnaðarfélaga hefur tvöfaldast síðustu tvo áratugina og er nú um tíu þúsund og þeim fer fjölgandi. Þá mun heildarfjöldi Fríkirkjuhreyfingarinnar hér á landi brátt telja um tuttugu þúsund manns. Þúsundir Íslendinga hafa gerst meðlimir og augljóst er að margfalt fleiri taka undir áherslurnar .

Miðlæg í skapandi tónlistarlífi

Fríkirkjan fagnar því sérstaklega að hún er aftur orðin miðlæg í fjölbreytilegu og skapandi tónlistarlífi landsmanna. Jafnt ungir og ómótaðir listamenn sem okkar allra færustu snillingar flytja þar tónlist sína. Það minnir á þá gömlu tíma þegar Fríkirkjan var í áratugi, hljómfegursta og stærsta tónlistarhús borgarinnar og landsmanna allra.

Á undanförnum áratug hefur Fríkirkjan lagt ríka áherslu á mannréttindi samkynhneigðra. Mannréttindabarátta samkynhneigðra hefur borið mikinn árangur undanfarin ár. Fríkirkjan metur mannréttindi ofar trúarlegum kreddum, æðri allri lögmáls eða bókstafshyggju.

Orð séra Ólafs

Svo aftur sé vitað til séra Ólafs Ólafssonar þá ritaði hann í lok nítjándu aldar. „Það á að koma og kemur einhvern tíma sá tími, að konur sitja hér á þingmannabekkjum og taka þátt í löggjöf lands og þjóðar, að konur sitja í dómarasætum, boða guðsorð, gegna læknastörfum, kenna við skóla og rækja hver önnur störf, sem karlmennirnir nú hafa einkarétt til að hafa með höndum. Það kemur að því einhvern tíma að þetta sem nú þykja öfgar mun þykja í alla staði eðlilegt." Þessi orð sr. Ólafs eru góð áminning nú þegar enn á ný er horft fram á veginn á fyrir hluta tuttugustu og fyrstu aldar. Það sem þá töldust öfgar þykir nú í alla staði eðlilegt. Það sem þá taldist óraunsæ draumsýn er nú hluti af okkar hversdagsveruleika. Það sem áður var talið ganga í berhögg við Guðs vilja og skikkan skaparans og rótgrónar hefðir telst nú kristilegt og alveg aldeilis sjálfsagt.

hmj

Hjörtur Magni heldur útimessu undir vegg Listasafns Íslands sem er næsta hús við Fríkirkjuna. Gunnar Gunnarsson tónlistarstjóri situr við píanóið og félagar hans í jazztríóinu spila á kontrabassa og saxafón.

Hjörtur Magni ásamt eiginkonu sinni Ebbu Margréti Magnúsdóttur á suðlægum slóðum.

en öðrum nágrannaþjóðum. "Já – Ísraelsmann eru mjög sjálfbjarga. Þeim hefur tekist að þróa tæknisamfélag sem verður að teljast háþróað í dag. Þeir eru iðnir og skapandi. Þetta hefur bjargað efnahagslífi þeirra." Hjörtur Magni segir erfitt að skilgreina ísraelsk stjórnmál eftir hinni vestrænu skilgreiningu um hægri og vinstri. Þeir virðast hægrisinnaðir ef úrslit kosninga eru skoðuð en þar komi fleira til. "Þetta er spurningin um óttann. Þeir lifa í stöðugum ótta vegna ástandsins sem er á þessu svæði og það kemur fram í afstöðu þeirra til stjórnvalda og ráðamanna. Þeir horfa til þess sem boðar hörðustu stefnuna í von um að það tryggi öryggi þeirra betur, en ef menn sátta og samlyndis veljast til að vera við stýrið. Þetta á stóran þátt í vinsældum Benjamin Netanjahu og Likud bandalagsins. Menn eru ekki að horfa á demokratisma eða frjálshyggju heldur einkum öryggi sitt. Varnarmálin verða efst á baugi í hugum fólks þegar það gengur að kjörborðinu."

Á Útskálum á Hvalsnesi

Hjörtur Magni leitaði aftur á sínar gömlu slóðir að loknu námi. Hann gerðist prestur á Útskálum í Garði og þjónaði Garði og Sandgerði sem nú heitir Suðurnesjabær eftir sameiningu sveitarfélaganna. "Þetta er ekki langt frá minni gömlu heimabyggð. Stutt frá æskustöðvunum. Ég tók við af séra Guðmundi Guðmundssyni sem var ættaður úr Eyjafirði, en var búinn að sitja á Útskálum í tæpa fjóra áratugi og mætur maður séra Eiríkur Brynjólfsson var á undan honum. Ég hef annars tekið nokkrar slaufur frá guðfræðinámi og prestskap. Við Ebba Margrét eiginkona mín fórum til dæmis um þriggja ára skeið til Edinborgar þar sem hún var að sérhæfa sig í kvennlækningum og ég var að vinna rannsóknarvinnu um ýmsar trúarstofnanir og samanburð á þjóðkirkjunni hér og í Skotlandi. Þetta var bæði gefandi og skemmtilegur tími."

Tók við kefli af öflugum prestum

Svo kemurðu að Fríkirkjunni. "Já – svo kom ég í Fríkirkjuna og tók við af séra Cecil Haraldssyni sem starfaði þar um tíma. Séra Cecil tók ýmsar nýjungar upp. Ein þeirra var að hann opnaði kirkjuna á síðkvöld-um og um nætur um helgar. Þá lokuðu flestir skemmtistaðir á sama tíma og miðborgin fylltist af fólki í ýmiskonar ástandi. Fólk gat komið í kirkjuna, sest niður fengið sé heitan drykk því sumum var kalt og rétt sig af áður haldið var heim á leið. En Fríkirkjan hefur lengi verið þekkt fyrir öfluga presta. Séra Gunnar Björnsson var hér um tíma og séra Þorsteinn Björnsson var Fríkirkjuprestur í 28 ár. Séra Árni Sigurðsson var prestur á undan honum og var mjög virtur í starfi. Hann helgaði Fríkirkjunni alla starfskrafta sína og starfað aldrei annars staðar sem prestur. Svo var séra Ólafur Ólafsson og síðan frumkvöðulinn séra Lárus Halldórsson frá Hofi í Vopnafirði sem var mikill eldhugi og hugsjónamaður. Tengdasonur hans var séra Sigurbjörn Á. Gíslason, mikill framfaramaður, sem stofnaði Elli og hjúkrunarheimilið Grund sem enn er starfrækt af afkomendum hans.

Ég sótti um Fríkirkjuna ásamt 10 öðrum umsækjendum. Ég vissi ekki hvernig mér yrði tekið enda þá búinn að tjá mig um að mér þætti þjóðkirkjuformið ekki trúverðugt til framtíðar. Einhverjir hafa eflaust veitt þessu athygli og talið mig passa fyrir Fríkirkjuna því ég er hér og búinn að vera þennan tíma – rúmlega það sem af er 21. öldinni."

Meira frelsi en í öðrum kirkjum

"Já – það hefur ýmislegt breyst," segir Hjörtur Magni þegar hann er inntur eftir þessum tíma. "Fríkirkjusöfnuðurinn hefur tvöfaldast að stærð á sama tíma og fólki fækkar í Þjóðkirkjunni. Hann er orðinn fjölmennari en Dómkirkjusöfnuðurinn og Hallgrímssöfnuður til samans. Fólkið kemur reyndar af stærra svæði en hefðbundnar kirkjusóknir afmarka. Ég er hér einn starfandi prestur, en það starfa tveir prestar í Dómkirkjunni og þrír í Hallgrímskirkju, ríkslaunaðir." En hvað skapar vinsældir Fríkirkjunnar. Hjörtur Magni hugsar sig um. "Við höfum verið með meira frelsi en margar aðrar kirkjur. Ég tók það í arf frá forverum mínum hér að byggja á víðsýni, frjálslyndi og umburðarlyndi. Það má rekja þessar áherslur allt aftur til fyrstu ára safnaðarins og þeirra presta sem þá störfuðu. Séra Lárusar sem var fyrst prestur frjáls safnaðar á Reyðarfirði og síðan séra Ólafs. Við höfum greint okkur enn meira frá Þjóðkirkjunni og lagt ríka áherslu á að mannréttindi standi ofar lögmálshyggju og trúarlegum bókstaf. Til þess að skilja þá hluti til hlítar þarf að setja sig inn í hugsunarhátt miðalda. Ég hef gagnrýnt Þjóðkirkjuna. Ég hef gagnrýnt bókstafstrú og sumir bókstafsprestar eru því ekki sammála og vilja líta á mig sem ég sé með vígtennur og úr hinu neðra. En ég held að þessi sérstaða eigi sinn þátt í hversu sóknarbörnum hefur fjölgað. Við höfum reynt að endurtúlka gamlar hefðir og víkka guðfræðilega sýn."

Frábær aprílтilboð!

50% 299 kr/pk áður 598 kr
Jarðarber 250 gr

63% 99 kr/stk áður 269 kr
Coca Cola Zero 0,5L

48% 145 kr/stk áður 279 kr
Hámark súkkulaði 250 ml

41% 199 kr/pk áður 339 kr
Minute Maid Appelsínu 1L án aldinkjöts

41% 159 kr/stk áður 269 kr
Pepsi eða Pepsi Max 0,5L

30% 398 kr/pk áður 569 kr
Freyja Kassar
Smádraumur 180 gr
Rískubbar 170 gr

Krambúðin
Hjarðarhaga 47
Opnunartími um páskana:
09:00 - 23:30 Alla dagana

Krambúðin
Opnum snemma
– lokum seint

Byrjað verður að endurgera lóð Vesturbæjarskóla í sumar

Á myndinni má sjá síðustu lausu kennslustofuna en þær voru notaðar á meðan nýrri hluti Vestubæjarskóla var í byggingu. Nú verður ráðist í að endurgera svæðið þar sem þær stóðu.

Ákveðið hefur verið að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga endurgerðar skólalóðar Vesturbæjarskóla í sumar. Kostnaður við verkið er áætlaður 120 milljónir króna. Framkvæmdir við fyrsta áfanga munu hefjast í sumar og eru áætlaðar á tímabilinu maí til september.

Í fyrsta áfanga verða svæðið þar sem færanlegu kennslustofurnar stóðu endurgert. Komið verður fyrir nýjum leiktækjum auk þess sem yfirborð og lagnir verða endurnýjaðar ásamt gróðri. Áætlað er að framkvæmdir við annan áfanga verði sumarið 2020 en þá verður komið fyrir gervigrasi þar sem nú er svokallað flutningshús við Hringbraut 116 til 118.

Ný og glæsileg viðbygging við Vesturbæjarskóla var tekin í notkun í haust og íþróttasalur skólans stækkaður. Viðbyggingin myndar gott skjól á skólalóðinni auk þess sem rýmra verður um allt skólastarfið og starfsaðstaða þægilegri. Í fyrra var komið fyrir hjólagrindum við skólann til að læsa reiðhjólum við en þær eru mikið notaðar af nemendum og starfsfólki.

Rammaskipulag Skerjafjarðar verðlaunað

Þráinn Hauksson hjá Landslagi, Bryndís Friðriksdóttir hjá EFLU, Páll Gunnlaugsson, Gunnar Örn Sigurðsson og Þorsteinn Helgason hjá ASK arkitektum veittu verðlaununum viðtöku.

Skipulagsfræðingafélag Íslands veitti í síðustu viku rammaskipulagi Skerjafjarðar verðlaun. Skipulagið var unnið af ASK arkitektum, EFLU og Landslagi fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á aðalfundi Skipulagsfræðingafélagsins sem haldinn var á Hallveigarstöðum fimmtudaginn 21. mars.

Í áliti dómnefndar segir m.a. um rammaskipulagið í Skerjafirði.

„Rammaskipulag Skerjafjarðar markar að nokkru leyti tímamót í gerð rammaskipulags hér á landi og eru skipulagshöfundar framsæknir í viðleitni sinni til að leggja áherslu á góða umgjörð fyrir fjölbreytilega flóru íbúa og lifandi samfélag. Rammaskipulagið er langtíma stefnumarkandi skipulagsáætlun um uppbyggingu fjölbreytilegrar og vistvænnar borgarbyggðar á þessum mikilvæga lykilstað á höfuðborgarsvæðinu. Höfundar Rammaskipulagsins nýta sér staðsetningu og sérstöðu svæðisins til hagsbóta fyrir íbúa þess í nútíð og framtíð og íbúar alls höfuðborgarsvæðisins munu fá tækifæri til að njóta þeirra gæða sem svæðið býður upp á.

Kristín Una Sigurðardóttir formaður stjórnar Skipulagsfræðingafélags Íslands afhenti Páli Gunnlaugssyni frá ASK arkitektum og samstarfsaðilum verðlaunin. Páll kynnti síðan skipulagið en þar er notast við blágrænar ofanvatnslausnir, sameiginlegt bílastæðahús í stað bílakjallara undir húsum og fleiri nútímalegar lausnir í skipulagi.

VORIÐ
BYRJAR Á GRANDANUM

OPIÐ

VIRKA DAGA **8-18:30**
LAUGARDAGA **10-18**
SUNNUDAGA **11-17**

SJÁ PÁSKAOPNUN Á WWW.BYKO.IS

BYKO GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Endurgera á Óðinstorg

Til stendur að endurgera Óðinstorg og Týsgötu að hluta. Verkefnið miðast við að koma fyrir setpöllum, stökum sætum, leikhólum, pollum og hjólagrindum en Veitur ohf munu annast endurnýjum á fráveitulögnum, hitaveitu, köldu vatni og raflögnum. Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að bjóða skuli framkvæmdirnar út og hljóðar kostnaðaráætlun upp á 300 milljónir króna.

Nokkur umræða varð um málið í borgarráði þar sem fulltrúar minnihluta vildu bíða með verkið þar sem önnur verkefni væru brýnni. Lengi hefur staðið til að lagfæra Óðinstorg enda hafa verkefni sem falla undir Torg í biðstöðu heppnast vel. Í þeim verkefnum hafa verð gerðar tilraunir með að nýta borgarrýmið, torg, götur og bílastæði á nýjan hátt.

Mynd úr vinningstillögu sem kynnt var árið 2015. Hún segir þó ekkert um endanlegt útlit torgsins.

Umferð rædd á opnu málþingi

Opið málþing um samgöngur og borgarhönnun í Reykjavík var haldið í Tjarnarsal ráðhússins föstudaginn 29. mars sl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri flutti opnunarerindi en á eftir ávarpi hans voru kynningar um nokkur mikilvæg verkefni.

Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur fyrir 2019 til 2023 var kynnt. Þar kom fram ný heildarsýn í umferðaröryggismálum í Reykjavík og markmið og áherslur henni tengt. Undirbúningur, staða og fyrstu áfanga Borgarlínunnar voru kynnt og einnig hvaða verkefni væru fram undan á þeim vettvangi. Meðal annars þróun Sæbrautar með hliðsjón af nýrri Vogabyggð. Sagt var frá hugmyndir um lítil tæki fyrir stuttar ferðir t.d. deilirafhjól og aðrar samgöngulausnir í Reykjavík. Því næst var rætt um hugmyndafræði og tilgang göngugatna í borgum. Þá var sagt frá hugmyndum um að leggja Miklabraut í stokk við Kringlusvæðið. Þróun Kringlusvæðisins með hliðsjón af Miklubraut í stokk og Borgarlínu.

Mislæg gatnamót hafa verið mikið til umræðu sem lausnir í umferðarmálum á undanförnum árum en nú er fremur farið að hugsa til þess að draga úr umferðinni og nýta aðra samgöngumála en einkabílinn.

Vesturvallagata verður hluti skólalóðar

Vesturvallagata á milli Hringbrautar og Ásvallagötu verður hluti skólalóðar Vesturbæjarskóla. Gatan verður því ekki opnu aftur fyrir umferð á milli Hringbrautar og Ásvallagötu.

Fyrsta skóflustungan að viðbyggingu Vesturbæjarskóla var tekin 12. ágúst 2015 og var götunni lokað þegar framkvæmdir hófust. Í janúar var búið að afhenda allt skólahúsnæðið til afnota nema svalir.

Flott föt, fyrir flottar konur
belladonna
Str. 38-58
Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | VersluninBelladonna
Netverslun á www.belladonna.is

Garðatunnan
auðveldar þér garðvinnuna!
Garðatunnan er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á **www.gardatunnan.is**, fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á **www.gardatunnan.is**. Fáanleg í póstnúmerum: **101-113**, **121-172**, **200-225** og **270-276.**
GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
Berghellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • gamar.is
21.3356-04.19

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

TOYO TIRES
driven to perform

Nesdekk – í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.



Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
Síðan 1996

Verður turninn lækkaður?

Þannig mun fyrirhuguð hótelbygging á horni Skúlagötu og Vitastígs líta út verði ekki gerðar breytingar á hönnun hennar. Teikning/T.ark

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur farið þess á leit að hönnun 17 hæða byggingar við Skúlagötu 26 verði endurskoðuð. Hótel er fyrirhugað í turninum en sunnan hans verður 28 íbúða fjölbýlishús. Þetta varð ljóst þegar fulltrúar skipulags- og samgönguráðs tóku undir umsögn fagrýnihóps varðandi útlit og fyrirkomulag fyrirhugaðra bygginga við Skúlagötu og Vitastíg.

Í fundargerð skipulags- og samgönguráðs kemur fram að turninn sé of einsleitur og uppbrot sáralítið. Þá er bent á að hótelbyggingin verði mjög áberandi í borgarmyndinni og því mikilvægt að vanda vel til verka. Aðalskipulagi áranna 2010 til 2030 er lögð sérstök áhersla á gæði í byggingarlist og bent er á að sama megi segja um skilmála í deiliskipulagi fyrir þennan reit. Bygging sem þessi muni verða hluti af sjónlínu borgarinnar um ókomna tíð og því er gerð krafa um vandað kennileiti og byggingarlist í hæsta gæðaflokki sem tekur mið af þessari einstöku staðsetningu. Því telur skipulegs – og samgönguráð nauðsynlegt að staldra við og að hönnun fyrirhugaðra bygginga, einkum hótelsins verði endurskoðuð.

Rauði krossinn leitar eftir sjálfboðaliðum í fjölbreytt verkefni

Rauði krossinn á Íslandi leitar að einstaklingum til að sinna fjölbreyttum sjálfboðastörfum á sviði mannúðarmála um land allt.

Við leitum eftir ábyrgum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn í verkefni á borð við Konukot, neyðarvarnir, félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, Hjálparsímann 1717, opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk, námsaðstoð fyrir börn, félagsvini eftir afplánun, ungmennastarf, fatabúðir, prjónahópa o.fl. Aðrar hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- **Vilji til að vinna samkvæmt grundvallarhugsjónum Rauða krossins**
- **Fjölbreytt lífsreynsla og þekking sem nýtist í starfi**
- **Brennandi áhugi á mannúðarmálum**
- **Hæfni í mannlegum samskiptum**
- **Vilji til að auka hæfni, reynslu og efla tengslanet**
- **Sjálfstæði og frumkvæði**

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað má finna á www.raudikrossinn.is/taktu-thatt/

Tekið er á móti umsóknum allt árið um kring og öllum umsækjendum er svarað.

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI

Tveir nemendur frá Tónskóla Do Re Mi á lokahátíð Nótunnar

Frá vinstri. Rúnar Þórisson, Margrét Edda Lian Bjarnadóttir, Vilberg Viggósson skólastjóri Tónskólans Do Re Mi, Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir og Tristan Cardew eftir svæðistónleika Nótunnar í Salnum í Kópavogi.

Tónskóli Do Re Mi, sem fagnar 25 ára starfsafmæli sínu á þessu ári náði þeim frábæra árangri að tveir nemendur hans á framhaldsstigi voru valdir á svæðistónleikum Nótunnar 2019 í Reykjavík sem haldnir voru í Salnum í Kópavogi til að taka þátt í lokatónleikum Nótunnar en þeir voru að þessu sinni haldnir í Hofi menningarhúsi á Akureyri, 6. apríl sl. Það voru þær Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir þverflautuleikari og Margrét Edda Lian Bjarnadóttir gítarleikari sem héldu norður fyrir heiðar. Nótan er uppskeruhátíð tónlistarskólanna í landinu og eru afburða nemendur skólanna valdir til þátttöku í tónleikunum.

Eyrún Úa hefur stundað nám í Do Re Mi frá átta ára aldri, fyrst hjá Nínu Hjördísi Þorkelsdóttur, sem einnig hóf nám í þverflautuleik í Do Re Mi, og svo hjá Tristan Cardew þverflautukennara við skólann. Hún lék verkið Rondó í D-dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart á tónleikunum.

Margrét Edda Lian Bjarnadóttir hefur stundað nám í klassískum gítarleik hjá Rúnari Þórissyni frá átta ára aldri. Hún lék Prelúdíu númer 1 eftir Heitor Villa-Lobos á tónleikunum.

Tók líka þátt í Nótunni í fyrra

Þess má geta að Margrét Edda tók einnig þátt í Nótunni í fyrra en þá lék hún með vaskri sveit átta gítarleikara undir stjórn Rúnars. Það atriði var reyndar ekki valið áfram til þátttöku í lokatónleikunum. Einn verðugur fulltrúi Do Re Mi komst þá áfram til að spila á lokatónleikum Nótunnar í Hörpu en það var Embla Glóey Ellenardóttir þverflautuleikari á grunnstigi, einnig nemandi Tristans Cardew.

Hjá Arnaldi í Barcelona

Gítarsveit Do Re Mi lagði land undir fót í fyrrasumar ásamt kennara sínum Rúnari Þórissyni og tók þátt í Masterclass hjá gítarleikaranum Arnaldi Arnarssyni sem rekur Luthier tónlistarskólann og gítarbúð með sama nafni í Barcelona í Katalóníu. Þar undu krakkarnir sér vel og brögðuðu á framandi réttum, fóru á frábæra tónleika í Palau de la Musica þar sem þau hlýddu á spænska gítarsnillinga flytja lög eftir gítarleikarann Paco De Lucia sem margir íslenskir unnendur spænskrar gítartónlistar þekkja. Spánn er enda eins konar Mekka gítartónlistarinnar. Á milli gítartíma brugðu krakkarnir sér á ströndina í góða veðrinu og nutu þess að vera saman að læra á lífið og tónlistina.

Eyrún Úa og Margrét Edda eru jafnöldrur og stunduðu nám í Hagaskóla í fyrra og eru nú báðar í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Eyrún Úa hefur spilað á þverflautu með hljómsveitinni Umbru sem tók þátt í Músíktilraunum í fyrra og vakti athygli.

Spilar líka knattspyrnu

Margrét Edda hefur frá unga aldri spilað knattspyrnu með KR og skrifaði í vetur undir tveggja ára samning við meistaraflokk KR.

Stúlkurnar léku báðar firnavel á lokahátíðinni í Hofi en Margrét Edda Lian fékk sérstaka viðurkenningu fyrir einleik sinn á gítarinn.

Það skortir því ekki hæfileikana hjá ungum Vesturbæingum.

Frá Tónskóla Do Re Mi hljóma ljúfir tónar flesta daga og skólinn stendur fyrir ótal tónleikum á hverjum vetri, í Frostaskjóli, Neskirkju, Norræna húsinu og víðar.

Vesturbæjarblaðið óskar Do Re Mi innilega til hamingju með 25 ára afmælið og glæsilegan árangur duglegra nemenda og kennara.

Margrét Edda með verðlaunagrip fyrir utan Hof á Akureyri.

Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir og Margrét Edda Lian Bjarnadóttir í Hofi.

Felix og Baldur vilja byggja við Starhaga

Felix Bergsson fjölmiðlamaður og leikari og Baldur Þórhallsson stjórnmálfræðingur hafa sótt um leyfi til að byggja einbýlishús á lóð númer 3 við Starhaga.

Þeir hafa lengi búið í timburhúsi við Starhaga 5 en vilja nú byggja einnar hæðar timburhús, með portbyggðu risi, á steyptum kjallara á lóðinni við hliðina. Stærð hússins sem þeir hafa sótt um leyfi til að byggja er 256,0 fermetrar og 739,4 rúmmetrar.

Þetta gula timburhús við Starhaga hefur lengi verið heimili þeirra Felix og Baldurs. Nú vilja þeir byggja annað timburhús við hliðina.

Hinn nýi innsiglingarviti við Sæbraut.

Nýr innsiglingaviti við Sæbraut

Nýr innsiglingarviti fyrir Reykjavíkurhöfn austan við Höfða við Sæbraut í Reykjavík er kominn á sinn stað. Hann kemur í stað eldri vita sem var í turni Sjómannaskólans.

Sá viti var í notkun allt þar til háhýsin við Höfðatún fóru að skyggja á hann þannig að hann sjást illa af sjó. Hinn nýi viti mun auðvelda siglingu inn í Reykjavíkurhöfn auk þess sem gert er ráð fyrir að hann muni einnig laða að sér ferðamenn þar sem útsýni frá honum er með allra besta móti.

Nýtt
hjúkrunarheimili
Seltjarnarnesi

Spennandi störf í boði

Hjúkrunarfræðingar – Sjúkraliðar

Leitað er eftir áhugasömu fólki til starfa
á nýja 40 rýma hjúkrunarheimilinu
að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.

Í boði er dagvinna- kvöld- helgar- og næturvaktir.

**Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir,
framkvæmdastjóri hjúkrunar og
Kristín Sigurþórsdóttir mannauðsstjóri: sími 560-4107.**

Sótt er um á heimasíðu **www//sunnuhlid.is**
merkt Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Hjúkrunarheimilið Seltjarnarnesi, Safnatröð 1, 170 Seltjarnarnes

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
HELGIHALD UM PÁSKAHÁTÍÐINA

Föstudagurinn langi 19 apríl kl. 17
Föstustund í Fríkirkjunni
– Sönghópurinn við Tjörnina, Gunnar Gunnarsson
og Arne Hiorth og Hljómsveitin Mantra.
Sönghópurinn við Tjörnina flytur ómþíða föstutónlist
í bland við spuna á orgel og trompet.
Lögin eru í útsetningum Arne Hiorth, Ike Sturm
og Gunnars Gunnarssonar.

Páskadagur 21. apríl kl. 9
Hátíðarguðsþjónusta á páskadagsmorgni.
Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir athöfnina.
Hjörleifur Valsson, fiðlusnillingur,
hljómsveitin Mantra og sönghópurinn við Tjörnina
ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista, leiða tónlistina.
Barnakórinn við Tjörnina syngur undir stjórn Birgit Djupedal.

Páskaegg og messukaffi í safnaðarheimili að guðsþjónustu lokinn.

Útgáfutónleikar í Neskirkju

- kór kirkjunnar flytur verkið Tólf blik og tóna eftir Steingrím Þórhallsson sem hann samdi við ljóð Snorra Hjartarsonar

Tólf blik og tónar nefnast útgáfutónleikar sem haldnir verða í Neskirkju annan dag í páskum, mánudaginn 22. apríl og hefjast kl. 20:00. Um útgáfutónleika er að ræða þar sem kórverk eftir Steingrím Þórhallsson organista og stjórnanda kórs Neskirkju við ljóð Snorra Hjartarsonar skálds verður flutt, en 22. apríl er fæðingardagur Snorra. Flutningur hvers þáttar hefst á ljóðalestri Gunnars Þorsteinssonar, þýðanda og þular. Steingrímur mun sjálfur stjórna kórnum á tónleikunum.

Steingrímur segir að einn kórfélaga Hjörtur Hjartarson hafi bent sér á ljóð Snorra sem æskilegan kveðskap til þess að semja tónlist við og hvatt sig til þess að semja kórlag við eitt ljóða Snorra. „Hjörtur var að ámálga þetta við mig og ýta við mér hvort ég ætlaði ekki að skoða málið. Þetta leiddi til þess að ég fór að glugga í bækur Snorra og skoða ljóðagerð hans með tilliti til þess að semja tónlist við ljóðin. Það henti með því að ég settist niður og fór að semja. Ljóðin voru mjög hvetjandi og eftir nokkrar vikur var ég kominn með níu kórverk. Ég fór að ræða þetta við annan félaga í kórnum sem stakk upp á að ég yrði að vera með 12 kórverk eins og í grísku ljóðunum enda 12 falleg tala. Ég hélt því áfram og lauk þessu á stuttum tíma.“ Steingrímur segir henta sér að vinna í skorpum. „Eg er reyndar alltaf að vinna eitthvað en skorpuaðferðin hefur reynst mér mjög vel. Það sést kannski best á því að síðasti hluti þessa verks var nánast til á einum degi. Og nú er flutningur kórsins kominn á geisladisk. Upptökur fóru fram í Neskirkju, í nokkrum hlutum, frá hausti 2018 fram til mars 2019 og ég tileinka verkið Kór Neskirkju.“

Steingrímur Þórhallsson, tónskáld, kórstjóri og organisti.

Snorri Hjartarson var fæddur árið 1906 og lést liðlega áttræður árið 1986. Snorri er skáld náttúrunnar og árstíðanna, skáld litanna og sólarinnar. Ljóðabækur Snorra urðu fjórar talsins: Kvæði (1944), Á Gnitaheiði (1952), Lauf og stjörnur (1966) og Hauströkkrið yfir mér (1979). Fyrir þá síðastnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1981. Árið 1986 sæmdi Heimspekideild Háskóla Íslands Snorra heiðursdoktorsnafnbót og er hann einn örfárra skálda sem hana hafa hlotið. Steingrímur Þórhallsson er organisti og kórstjóri Í Neskirkju. Hann er menntaður á Íslandi og í Rómaborg og lauk meistaragráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2018. Hann hefur samið fjölmörg píanóverk, orgelverk og kórverk ásamt verkum fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit.

Snorri var skáld náttúrunnar

Steingrímur segir náttúrustemninguna í ljóðum Snorra hafa heillaði sig. „Hann var eiginlega skáld náttúrunnar. Hann bregður gjarnan upp myndum í ljóðum sínum sem eru nátengd náttúrunni. Ekki ólíkt og myndlistarmenn gera. Móta náttúrumyndir á striga og reyna að fanga augnablikið.“ Steingrímur segir það því henta skáldskap hans vel að flytja verk byggt á honum með vorkomunni. Frumflutningur verksins fór fram í Kristkirkju í Landakoti á sumardaginn fyrsta fyrir einu ári. „Þetta hefur gengið vel og ég verð að játa að ég hef ekkert verið að spara kórfélagana. Þeir hafa fengið að reyna á sig og alls ekki kvartað undan því. Þetta hefur allt unnist með kórnum. Hann er hluti af þessu verkefni og kórfélagarnir hafa unnið með mér eins og leikarar vinna með höfundi og leikstjóra.“

Nýútkominn geisladiskur með flutningi kórs Neskirkju á verkinu Tólf blik og tónar eftir Steingrím Þórhallsson.

Mikið úrval að fallegum blómum fyrir páskana

BLÓMAGALLERÍ
Hagamel 67 - S: 552 6070

Opnun um páskana
Fimmtudag skírdag: Opið 11 – 18
Föstudagurinn langi: Lokað
Laugardagur: Opið 11 – 18
Páskadagur: Lokað
Annar í páskum: Opið 11 – 18

Húsfélagaþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár
√ Bókhald og fjármál
√ Húsfélagafundir
√ Mínar síður
√ Húsbók þjónustusaga húss
√ Auk annarrar þjónustu

EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.

Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.

Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.

Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.

Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Flatvagnar
Ýmsar gerðir og stærðir,
frá 2000 kg. 3.1x1.65m.
Verð kr: 444.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Hámarkshraði lækkaður

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, hefur staðfest lækkun hámarkshraða á Hringbraut, Hofsvallagötu, Birkimel, Hagatorgi og víðar í Vesturbænum.

Að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur borgar ákvað lögreglustjórinn að hámarkshraði á Hringbraut milli Sæmundargötu og Ánanausta verði 40 km/klst., hámarkshraði á Hofsvallagötu milli Hringbrautar og Ægissíðu, á Ægissíðu, Nesvegi milli Kaplaskjólsvegar og Granaskjóls/Sörlaskjóls verði 40 km/klst. Þá verði hámarkshraði 30 km/klst. á Arngrímsgötu, Birkimel, Brynjólfsgötu, Guðbrandsgötu og Hagatorg. Umferðaröryggi við Hringbraut komst í hámæli eftir að keyrt var á 13 ára skólastúlku þann 9. janúar síðastliðinn. Íbúar í Vesturbænum létu í ljós áhyggjur í kjölfar slyssins og kröfðust úrbóta.

Spillivagninn snýr aftur

Vagninn verður í þínu hverfi í vor og losar þig við spilliefni og raftæki á öruggan hátt

Lögum samkvæmt er bannað að henda spilliefnum með blönduðum úrgangi.
Raftæki sem hafa þjónað sínum tilgangi innihalda oft spilliefni, en einnig ýmis verðmæt efni og jafnvel nýtanlega hluti sem æskilegt er að endurvinna.

Hér verður Spillivagninn í þínu hverfi:

Vesturbær, við Vesturbæjarlaug,
miðvikudaginn 24. apríl, kl. 15–20.

Hvað hirðir spillivagninn?

Smærri raftæki • Tölvur og síma • Rafhlöður og rafgeyma • Ljósaperur og hitamæla • Málningu, bón, viðavörn, lím og lakk • Hreinsiefni og lífræn leysiefni • Stíflueyði • Eitur; skordýra-, rottu- og illgresis • Olíu og feiti ... og ýmislegt fleira.

Sjá nánar á: spillivagninn.reykjavik.is

Efnamóttakan hf SORPA Reykjavíkurborg

Bjarni Pálsson ásamt Boga Ágústssyni fréttamanni sem tilkynnti sigurvegarann og afhenti verðlaunagrip keppninnar.

Vann hæfileika-keppni með leiklestri

Bjarni Pálsson frá félagsmiðstöðinni Frosta vann Hæfileikana en það er hæfileikakeppni þar sem unglingar frá félagsmiðstöðvum Reykjavíkur tóku þátt. Sérstætt atriði Bjarna þar sem hann flutti myndasögu á sviði hlaut flest atkvæði.

Hæfileikarnir eru hæfileikakeppni þar sem unglingar frá félagsmiðstöðvum Reykjavíkur taka þátt. Keppnin fór fram 8. apríl sl. og þar kepptu níu atriði frá sjö félagsmiðstöðvum til verðlauna. Sigurvegari kvöldsins var Bjarni Pálsson frá félagsmiðstöðinni Frosta. Hann leiklas myndasögu eftir sjálfan sig sem heitir Jólaljósamaðurinn fer í Costco. Bogi Ágústsson tilkynnti sigurvegarann og afhenti verðlaunagrip keppninnar.

Stóra upplestarkeppni grunnskóla Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fyrir nemendur í 7. bekk frá grunnskólum Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur þriðjudaginn 26. mars. Í ár voru það keppendur úr Austurbæjarskóla, Grandaskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla, Landakotsskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla tóku þátt og stóðu sig með mikilli prýði.

Keppendur komu upp í þremur umferðum og lásu upp fyrirfram ákveðin texta eftir höfund keppninnar í ár, Ævar Þór Benediktsson og ljóð eftir skáld keppninnar, Önnu Sigrúnu Snorradóttur. Í síðustu umferðinni lásu keppendur upp ljóð að eigin vali við mikla hrifningu meðal áhorfenda. Dómarar komu sér saman um þrjú efstu sætin og fór það svo að Daði Víðisson úr Melaskóla stóð upp úr sem sigurvegari keppninnar í ár. Írena Ósk Sergiosdóttir frá Melaskóla var í 2. sæti og Hildur Eva Einarsdóttir frá Hlíðaskóla var í 3. sæti. Lokahátíðin var í umsjón Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sem ásamt þátttökuskólum bauð upp á léttar veitingar í dómarahléi. Tónlistaratriðin í ár voru í höndum nemenda frá Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Um 150 áhorfendur komu og fylgdust með keppninni í ár enda keppnin vel þekkt og skemmtileg.

Írena Ósk Sergiosdóttir, Hildur Eva Einarsdóttir og Daði Víðisson báru sigur úr bítum í keppninni.

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188 & 895 8298

Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Páskar í Neskirkju

Skírdagur, 18. apríl
Messa og máltíð í kirkjuskipinu kl. 18.00. Viðstaddir gæða sér á mat. Þau sem geta koma með. Brauði og víni er deilt út undir borðum. Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Félagar úr Kór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallsonar organista.

Föstudagurinn langi, 19. apríl
Hegistund kl. 11.00. Píslarsagan lesin og hugleidd. Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópran og Nathalía Druzin Halldórsdóttir syngja kafla úr Stabat Mater eftir Pergolesi. Steingrímur Þórhallsson er við hljóðfærið. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson. Í framhaldi ræðir Guðmundur Ingólfsson verk sín sem sýnd eru á Torginu.

Páskadagur, 21. apríl
Hátíðarmessa kl. 8.00. Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar sungið. Prestar kirkjunnar þjóna. Morgunkaffi og páskahlátur að messu lokinni.

Fjölskylduguðsþjónusta og páskaeggjaleit kl. 11:00. Sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt starsfólki barnastarfsins.

Matjurta-garður við Þorragötu

Matjurtagarður á vegum Reykjavíkurborgar sem leigður verður út í Vesturbænum verður við Þorragötu. Þessir garðar eru á nokkrum stöðum í borginni. Alls verða 553 garðar leigðir út á þessu sumri og verða þeir afhentir leigjendum 1. maí eða fyrr ef veður leyfir.

Aðsókn í matjurtagarða á vegum Reykjavíkurborgar er almennt mjög góð og plássin eru fljót að hverfa á vorin. Íbúar í Reykjavík geta pantað matjurtagarð til afnota og hefur verið opnað fyrir umsóknir. Leiga fyrir garða er óbreytt frá fyrra ári.

Sonja, Þurý og Ellert aftur á Klapparstíginn

Rakararnir og hársnyrtarnir Sonja Ásbjarnardóttir, Þuríður (Þurý) Ævarsdóttir og Ellert Birgir Ellertsson eru aftur komin á Klapparstíginn en þau störfuðu öll á Rakarastofunni á Klapparstíg sem Sigurpáll Grímsson rak í áratugi. Eftir að starfsemi hennar lauk fluttust þau yfir á Sandró við Hverfisgötu en nú má segja að þau séu aftur komin heim.

"Við erum reyndar ekki alveg á sama stað og forðum heldur aðeins ofar á horninu á Klapparstíg og Grettisgötu þar sem Antíkbúðin var til margra ára. Við erum engu að síður komnar heim að okkur finnst og reynum eftir bestu getu að varðveita gamla góða andann sem alltaf var til staðar á Klapparstígnum. Þegar Sigurpáll hætti og lokaði reyndist ekki unnt að fá hentugt húsnæði við Klapparstíginn þótt hugurinn stæði þangað. En þegar Antikbúðin flutti og okkur bauðst húsnæðið vorum við ekki lengi að hugsa okkur um. Það fer mjög vel um okkur hérna," sagði Sonja þegar tíðindamaður Vesturbæjarblaðsins leit við hjá þeim sl. föstudag.

Sonja Ásbjarnardóttir, Þuríður (Þurý) Ævarsdóttir og Ellert Birgir Ellertsson eru aftur komin á Klapparstíginn.

HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS 1717

- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

PC og Apple
tölvuviðgerðir
Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND
Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Leiðsögumannaverkefni fyrir flóttafólk

Reykjavíkurdeild Rauða kross-ins er stöðugt að taka inn nýja sjálfboðaliða fyrir Leiðsögumannaverkefni fyrir flóttafólk. Leiðsögumenn flóttafólks kynnast og aðstoða nýkomna einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi.

Það eru um 50 leiðsögumannapör virk í verkefninu. Alls eru 108 full-orðnir einstaklingar í verkefninu og margir eru með fjölskyldur. Flóttafólkið er af 21 þjóðernum og eru fjölmennustu hóparnir frá Kúrdistan, Afganistan og Sýrlandi. Atli er leiðsögumaður fyrir Hassan, sem kom nýlega frá Sýrlandi: "Það hefur verið mjög ´inspírerandi´ að kynnast einhverjum sem ég hefði annars ekki kynnst," segir Atli. Hassan segir: "Atli lætur mér líða eins ég sé hluti af fjölskyldu. Hann kynnir mig fyrir samfélaginu og hjálpar mér við hvaðeina."

Leiðsögumaðurinn verður vinur þess nýkomna, svarar spurningum um lífið á Íslandi, æfir íslensku eða ensku, talar um íslenska menningu og/eða aðstoðar við praktísk úrlausnarefni eins og atvinnuleit, skólaumsóknir og þýðingu bréfa sem berast á íslensku. Leiðsögumannapörin hittast yfir eins árs tímabil, vikulega eða aðra hverja viku. Pörin geta t.d. hisst á bókasafninu, á kaffihúsi, heima hjá hver öðrum, eða hvar sem hentar best.

Markmið verkefnisins er að styðja hina nýkomnu til sjálfstæðis í nýju landi með því að gera þeim kleift að nýta hæfileika sína og þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að farnast vel á Íslandi.

Hulda er leiðsögumaður fyrir Ramadan og Anifu og börnin þeirra. Anifa og Ramadan líta nú á Huldu sem hluta af fjölskyldunni. "Við vinnum að praktískum hlutum, t.d. leitum að vinnu og könnum hvernig hægt sé að fá erlent bílpróf viðurkennt, en við gerum líka margt skemmtilegt saman. Alltaf þegar ég og börnin mín ætlum að stoppa stutt hjá Anifu og Ramadan endum við á að vera í nokkra klukkutíma, tíminn flýgur áfram," segir Hulda.

Guðrún, Vera og Marco.
© Mynd: Gabrielle Motola.

Hulda, Anifa og Ramadan.
© Mynd: Gabrielle Motola.

Hassan og Atli.
© Mynd: Gabrielle Motola.

Samskiptum eftir að verkefninu lýkur

Mörg leiðsögumannaparanna halda áfram samskiptum eftir að verkefninu lýkur og í sumum tilfellum verða til vinasambönd, eins og Atli and Hassan. Síðasta vetur fluttu þeir Sveinbjörn og Mohammed TEDx fyrirlestur í Tjarnarbíó þar sem þeir deildi reynslu sinni af verkefninu. Á TEDx fyrirlestrinum tjáði Mohammed sig um hvernig Leiðsögumannaverk-efnið hefur haft áhrif á hann: "Eftir eitt ár er verkefninu lokið. Sambandið milli okkar er ekki lengur á milli flóttamanns og leiðsögumanns flóttamanns. Við erum núna nánir vinir. Ég get sagt að verkefnið leiðsögumaður flóttamanns hafi breytt lífi mínu."

Aðrir flóttamenn og leiðsögumenn verkefnisins hafa álíka reynslu. Vera og Spencer og sonur þeirra Marco voru kynnt fyrir Guðrúnu í gegnum verkefnið Leiðsögumenn flóttafólks. Vera: "Guðrún er góður vinur og systir fyrir mér. Hún er alltaf til staðar. Hún gerir allt betra." Guðrún er sammála um að hún hefur hjálpað Veru og Spencer að taka þátt í íslensku samfélagi. "Og margar reglur eru óskrifaðar og þau geta spurt mig hvaða spurninga sem er, t.d. um launakjör og leikskóla. Þegar við hittumst vinnum við stundum að ákveðnum verkefnum eða markmiðum en öðrum stundum hittumst við bara og njótum þess að vera saman. Fjölskyldan mín er orðin fjölskylda þeirra."

Ef þú hefur áhuga á að gerast Leiðsögumaður flóttafólks endilega hafðu samband við Pimm eða Sigrúnu til að skrá þig: pimm@redcross.is eða sigrunerla@redcross.is.

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

Byggt yfir Bríeti og Pioner

Ákveðið hefur verið að byggja sýningarskála fyrir tvær af fyrstu stórvirku tækjunum sem notuð voru við gerð samgöngumannvirkja hér á landi. Eru það eimreiðin Pioner gufuvaltarinn sem hlaut nafnið Bríet. Pioner er önnur tveggja eimreiða sem notuð var til þess að draga vagna hlaðna grjóti úr Öskjuhlíð sem notað var við gerð gömlu hafnarinnar í Reykjavík.

Tvær eimreiðar voru fluttar hingað til lands frá Þýskalandi ásamt vögnum og teinum en hin eimreiðin sem ber nafnið Minör er í eigu Faxaflóahafna og stendur á Miðbakka gestum og gangandi til sýnis. Gufuvaltarinn var notaður til þess að valta götur Reykjavíkur sem á þeim tíma voru holóttar og stundum illar yfirferðar. Nafnið Bríet vísar til Bríetar Bjarnhéðinsdóttur en hún hafði ásamt Knut Zimsen þáverandi borgarstjóra barist fyrir að fá valtarann til landsins. Bæði þessi tæki koma mjög við sögu Miðborgarinnar og raunar gamla hluta Vesturbæjarins þegar Reykjavík var að rísa úr þorpi í bæ og síðar borg. Gert er ráð fyrir að sýningarskálanum verið komið fyrir í Árbæjarsafni og að framkvæmdir við verkið hefjist á komandi vori.

Gufuvaltarinn Bríet að störfum í Pósthússtræti við Austurvöll. Efni í slitlagið var flutt á hestakerrum, jafnað og valtað með Bríeti.

Eimreiðin Pionér við grjótflutninga. Tvær eimreiðar voru notaðar til flytja grjót úr Öskjuhlíð í grjótgarðana við gömlu höfnina.

HAMBORGARA
Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

Lífræn verslun og kaffihús í 101

Allt úr besta hráefninu

Ómótstæðilegir

Lífrænn undursamlegur jógafatnaður

Jógadýnur og fylgihlutir úr umhverfisvænum níðsterkum korki

Möntruhringir sem eru líka hálsmen

Möntrubönd í úrvali

Þar sem andinn býr í efninu

BLÁR DRYKKUR Á BOÐEFNABARNUM GEGN BLÚS

Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 9.30-16
Þri-fös: 9.30-18
Lau 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Netverslun: systrasamlagid.is

Systrasamlagið

Gasskynjari

Skynjar og gefur frá sér viðvörun við:
• Própan
• Bútan
• CO2
• Reyk

Engar snúrur
Ekkert vesen

Hentar vel í sumarbústaðinn eða húsbílinn

Gasskynjari með rafhlöðu • 10 ára ending!

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Húsumsjón Eignaumsjónar

Húsumsjón er hagnýt lausn við eftirlit og umsjón með sameign húsa og húsfélaga sem nýtur vaxandi vinsælda hjá viðskiptavinum Eignaumsjónar en byrjað var að bjóða upp á þessa þjónustu vorið 2017. Þá sinnti einn starfsmaður öllum verkefnum en nýlega var annar húsumsjónarmaður ráðinn til félagsins.

Logi Már Einarsson, Daníel Árnason og Einar Snorrason.

„Við höfðum lengi fundið fyrir eftirspurn eftir þjónustu af þessu tagi sem felur í sér reglubundið eftirlit með umhirðu og ástandi sameignar, innanhúss sem utan," segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar. „Húsumsjón getur komið í stað hefðbundinnar húsvörslu og er fagleg, hagkvæm og skynsamleg lausn fyrir fjölda hús- og rekstrarfélaga. Þannig geta eigendur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis lækkað viðhaldskostnað og tryggt að ástand fasteigna sé eins og best verður á kosið."

Tveir húsumsjónarmenn í fullu starfi

Viðskiptavinum hefur fjölgað jafnt og þétt frá því að Eignaumsjón byrjaði að bjóða upp á húsumsjónina en hægt er að ákveða tíðni þjónustunnar eftir þörfum og óskum hvers viðskiptavinar. Í boði er allt frá daglegri þjónustu yfir í heimsóknir á 1-2 vikna fresti, eða mánaðarlega, eftir því hvað hentar.

Tveir iðnmenntaðir húsumsjónarmenn, Einar Snorrason og Logi Már Einarsson, eru nú í fullu starfi hjá Eignaumsjón. Einar, sem er með sveinspróf í húsasmíði, kom til starfa fyrir tæpum tveimur árum en Logi Már, sem einnig er með sveinspróf í húsasmíði, kom nýlega til starfa hjá Eignaumsjón.

Stöðuskýrsla að lokinni heimsókn

„Við leggjum mikla áherslu á skráða verkferla og starfsmenn okkar fylgja fyrir fram ákveðinni verklýsingu fyrir hvern viðskiptavin, sem tekur til bæði umgengni og ástands sameignar, yfirferðar á búnaði, lagfæringum og eftirliti og eftirfylgni vegna aðkeyptrar þjónustu. Að lokinni hverri heimsókn er skýrslu skilað um það sem gert var, ástand sameignar og ábendingar varðandi það sem betur mætti fara, enda skipta góð samskipti og upplýsingagjöf til viðskiptavina sköpum fyrir þjónustufyrirtæki eins og okkur," segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar," sem veitir nánari upplýsingar í síma 894 0774 eða í gegnum netfangið daniel@eignaumsjon.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson | Margrét Á. Guðjónsd. | Kristín Ingólfsdóttir | Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Systrasamlagið
Netverslun:
systrasamlagid.is

Dómkirkjan um páskana

Skírdagur
Messa kl. 11.
Ferming.
Prestar séra Sveinn Valgeirsson og Elínborg Sturludóttir.

Kl. 20. messa.
Prestar séra Sveinn Valgeirsson og Elínborg Sturludóttir.
Að lokinni messu verður Getsemanestund, íhugun og bæn meðan altarið er afskrýtt.

Föstudaginn langi
Guðþjónusta kl. 11.
Sr. Elínborg Sturludóttir.

Páskadagur
Hátíðarmessa kl. 8.
Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar og sr. Sveinn Valgeirsson og sr. Elínborg Sturludóttir þjóna fyrir altari.

Annar í páskum
Messa kl. 11.
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar.
Dómkórinn syngur og organisti er Kári Þormar.

Gleðilega páska

Sjá nánar um safnaðarstarfið á domkirkjan.is og á fésbókinni.

Vertu velkomin í Dómkirkjuna.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX | AIR CIRCULATION SYSTEM | LIGHT WEIGHT | ECE NORM R 44/04
HERO | ISO FIX | ADVANCED (SIDE) PROTECTION | 3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Árdegisskákmótin í KR slá í gegn

- morgunstund gefur gull í mund, segja Vesturbæjarskáksnillingarnir

Hinn ungi og efnilegi Vesturbæingur Gauti Páll Jónsson fór með sigur af hólmi á afar fjölmennu árdegismóti í KR-stofunni, laugardaginn 22. mars sl. Víkingurinn Ólafur B. Þórsson, vann mótið vikunni áður og KR-ingurinn Sigurður Áss Grétarsson, mótið þar á undan, þar sem Ólafur varð annar og Ögmundur Kristinsson þriðji, og svo Þór Valtýsson, núna síðast. Formaður Skákdeildar KR, Kristján Stefánsson, hrl., hefur því þurft að bíta í það súra og sætta sig við „annað sætið" í skákum sínum oftar en skyldi, enda samkeppnin sannarlega hörð.

Á þriðja tug keppenda úr mörgum taflfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru farnir að taka daginn snemma til að hrista af sér slenið og tefla sér til afþreyingar og yndisauka.

Tefla samt stíft til vinnings, rétt eins og líf liggi við eða stórkostleg orðsporsáhætta, enda birtast úrslitin á netinu og því öllum aðgengileg eftir á.

Tvö ungstirni úr vesturbænum, Iðunn Helgadóttir, 11 ára yngismær, stóð svo sannarlega fyrir sínu um daginn og einnig yngissveinninn Benedikt Þórisson í síðasta móti. Bæði mætt til að spreyta sig gegn gömlum kempum og öðrum yngri. Náðu sér í fjóra af níu mögulegum með flottri taflmennsku. Afar efnilegir skákkrakkar þar á ferð. Sannkallaðar „vonarstjörnur vandamanna" og fleiri.

Árdegismótin eru orðin viss liður í skáklífinu, hafa unnið sér fastan sess á liðnum fimm árum. Þau eru farin að skáka kvöldmótunum á mánudögum hvað þátttöku varðar.

Teflt er í KR allan ársins hring, á laugardögum kl. 10.30 - 13 og mánudögum kl. 19.30 - 22.30. Mótin eru öllum opin og þátttökugjald kr. 500 en aðeins minna fyrir fastagesti.

Heitt á könnunni.

ESE

Setið að morguntafli. Benedikt Þórisson er fremstur á myndinni.

Iðunn Helgadóttir 11 ára íhugar næsta leik.

Gleðilegt fótboltasumar.
Þú færð KR vörurnar hjá okkur.

Verið velkomin.

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:
Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

Skautahöllin í Laugardal verður með lengdan opnunartíma um páskana. Tilvalið fyrir vinahópa og fjölskyldur að eiga skemmtilega stund saman í páskafríinu.

Opið á eftirtöldum tímum:
Þriðjudagur – 16. apríl – kl. 13:00-14:30
Miðvikudagur – 17. apríl – kl. 13:00-14:30
Skírdagur – 18. apríl – kl. 13:00-17:00
Föstudagurinn langi – 19. apríl – kl. 13:00-17:00
Laugardagurinn 20. apríl – kl. 13:00-17:00
Páskadagur – 21. apríl – Lokað
Annar í páskum – 22. apríl – kl. 13:00-17:00

1X2

GETRAUNANÚMER
KR ER
107

Kjötkompaní

PÁSKAR

LAMBA-KÓRÓNA



OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Hafnarfirði & Granda

MIÐVIKUDAGUR 17. APRÍL | 10:00 – 19:00
FIMMTUDAGUR 18. APRÍL | 10:00 – 17:00
FÖSTUDAGUR 19. APRÍL | LOKAÐ
LAUGARDAGUR 20. APRÍL | 10:00 – 17:00
SUNNUDAGUR 21. APRÍL | LOKAÐ
MÁNUDAGUR 22. APRÍL | LOKAÐ

www.kjotkompani.is 578 9700 kjotkompani@kjotkompani.is kjotkompani